

FORSÆTISNEFND 31. janúar 2020: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um óundirbúnar fyrirspurnir á fundum borgarstjórnar - R20010402

Lagt er til að tilraun verði gerð með óundirbúnar fyrirspurnir til borgarstjóra á fundum borgarstjórnar líkt og tíðkast á Alþingi sbr. þingskaparlög. Tilraunin hefjist að loknu sumarleyfi borgarstjórnar 2020, standi í eitt ár, og verði þá metin af forsætisnefnd með hliðsjón af framtíðaráformum í þeim efnum. Forseta borgarstjórnar, forsætisnefnd ásamt skrifstofu borgarstjórnar verði falin nánari útfærsla þessa dagskrárliðar

Greinargerð:

Tilgangur með slíkum dagsskrárlið er að losa svólítið um fyrirfram ákveðið og niður njörvað fundarform og gera borgarstjórnarfundir þar með skilvirkari, auka upplýsingaflæði til borgarfulltrúa og styrkja þannig eftirlitshlutverk þeirra, ýta undir lýðræðislega umfjöllun borgarfulltrúa og glæða áhuga almennings og fjölmiðla á borgarmálefnum.